

staðfesting ráðherra liggur fyrir svo og staðfesting á framvindu verksins, sem unnið hefur verið í samræmi við ráðgjöf jarðvísindamanna, sem aflað var og fyrir lá við afgreiðslu lánsúmsóknarinnar.

Ofangreindar reglur eru hér með staðfestar á grundvelli 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 514/2003 um Orkusjóð og taka gildi nú þegar.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. mars 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulög í Sveitarfélaginu Árborg.

Lóð í Götuhúsatúni á Stokkseyri, fjarskiptamastur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. febrúar 2004 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð undir fjarskiptamastur í Götuhúsatúni á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Á lóðinni mun rísa 16 metra fjarskiptamastur og 9 m² tækjahús.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:2000 þann 25. nóvember 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 3. desember til 31. desember 2003 og var athugasemdafrestur til 14. janúar 2004.

Engar athugasemdir bárust.

Suðurbyggð, íbúðarhverfi A,B,D og E, á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. september 2002 tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurbyggð, íbúðarhverfi A, B, D og E, á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Í Suðurbyggð mun rísa blönduð íbúðarbyggð samtals 348 íbúðir.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1.000/1:10.000 þann 2. maí 2002 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 30. maí til 28. júní 2002 og var athugasemdafrestur til 12. júlí 2002.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdrættir og greinargerðir fyrir báðar deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin taka þegar gildi.

Selfossi, 1. mars 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.